

Rótarýklúbbur Hafnarfjarðar

Stjórnarskipti 4. júlí 2013

Fráfarandi forseti og stjórn, ágætu félagar. Ég vil þakka ykkur fyrir það traust sem þið hafið sýnt mér með því að fela mér að gegna stöðu forseta klúbbsins okkar næsta starfsár. Ég geri mér vel grein fyrir mikilvægi starfsins og heiti því að rækja það eins vel og mér er nokkur kostur.

Ég hef nú verið félagi í Rótarýklúbbi Hafnarfjarðar í rúmlega 21 ár en ég gekk í klúbbinn hinn 11. júní 1992. Ég hef kappkostað að sækja fundi vel og hef fundið það greinilega að eftir því sem ég sinni klúbbum betur, þeim mun meira veitir klúbburinn og þátttakan í honum mér á móti. Mér hefur aldrei leiðst og hlakka ætíð til þess að koma á fundi og hitta ykkur.

Ef ég geri lauslega grein fyrir mér, þá er ég fæddur hérna uppi í Fögrukinn. Ég ólst þar upp og hef raunar aldrei búið annars staðar en í Hafnarfirði. Ég kem af stórri ætt hér í Hafnarfirði sem kennt hefur sig við Gróf, en það nefnist húsið sem afi minn byggði á Öldugötu 4. Faðir minn var Jón Ragnar Jónsson en hann svaraði eiginlega betur nafninu Raggi í Gróf. Móðir mín var Dóris Erikká Jónsson, fædd Larsen. Eiginkona mín er Ólafía Sigríður Guðjónsdóttir en hún er jú systir fráfarandi forseta og dóttir Guðjóns Steingrímssonar sem var félagi hér í klúbbum um áratuga skeið. Við Ólafía eigum þrjú börn, tvo stráka og eina stelpu.

Ég vil nú biðja viðtakandi stjórn að taka sér sæti við stjórnarborðið. Vildi ég hafa sama háttinn á og gert var í fyrra og biðja stjórnarmenn að kynna sig stuttlega fyrir okkur félögum áður en þeir taka sér sæti, þ.e.a.s. þá sem ættir eru til fundar en Jóhannes Pálmi Hinriksson sem er viðtakandi forseti forfallaðist óvænt í morgun. Biður hann um bestu kveðjur til ykkar allra. Eyjólfur Þór Sæmundsson er ritari. Jón Vignir Karlsson er gjaldkeri og Gunnar Gunnarsson stallari. Fráfarandi forseti er Steingrímur Guðjónsson.

Ég býð stjórnina velkomna til starfa. Allir eru stjórnarmennirnir þrautreyndir Rótarýmenn og ég hlakka til samstarfsins við þá á komandi starfsári.

Hreyfingin okkar, Alþjóðasamtök Rótarý, eða Rotary International, er samtök rúmlega tólfhundrað þúsund einstaklinga sem starfa í rúmlega 32 þúsund klúbbum um allan heim. Þeir bjóða fram tíma sinn og hæfileika, til þess að þjóna öðrum, ofar eigin hag, eins og segir í einkunnarorðum Rótarý: Service Above Self.

Stofnandi Rótarý, Paul Harris, líkti hreyfingunni oft við tré. Plöntu sem sprettur af litlu fræi en verður síðar stórt og mikið tré. Með vísan til þessarar samlíkingar tíðkaði hann það að gróðursetja tré í þeim borgum sem hann heimsótti á vegum Rótarý og má sjá þessi tré í miðborgum víða um heim.

Þessi samlíking Pauls Harris hittir að mínu mati alveg í mark. Fræið sem hann sáði á sínum tíma var fundur með þremur öðrum mönnum sem hann hafði kynnst eftir komu sína til Chicago. Þetta voru þeir Silvester Schiele kolakaupmaður, Gustavus Loehr námaverkfræðingur og Hiram Shorey fatakaupmaður og klæðskeri. Fljótlega bættist fimmti félaginn við, Harry Ruggles prentari, og þá var fyrsti rótarýklúbburinn formlega stofnaður, Rótarýklúbbur Chicagóborgar, hinn 23. febrúar 1905.

Paul Harris var oft spurður að því að því hvort hann hefði einhvern tíma órað fyrir því að Rótaryhreyfingin ætti eftir að verða að völdugri alþjóðahreyfingu þetta vetrarkvöld árið 1905. Hann svaraði því svo að þegar fræi er sáð sé erfitt að sjá fyrir sér fullvaxta tré. Ávalt megi búast við stormi og regni. Því verði að hlúa vel að plöntunni og treysta á mildi forsýningarinnar.

Paul og félagar hans sinntu plöntunni sinni svo sannarlega vel enda óx hún og dafnaði á ótrúlega skömmum tíma. Ég ætla ekki að rekja þá sögu hér en þar sem ég hef nú lengi haft nokkurn áhuga á sögu Rótary, og þar sem þið ætlið að hleypa mér hingað uppí pontu á hverjum fundi, megið þið búast við því að ég taki upp einhver sögubrot öðru hvoru.

Forseti Rotary International næsta starfsár heitir Ron D. Burton og kemur hann frá Oklahoma í Bandaríkjunum. Einkunnarorð hans fyrir hreyfinguna næsta árið eru „Engage Rotary, Change Lives.“ sem útleiggst „Virkjum Rótary til betra lífs.

Þótt hvatinn að stofnun Rótary hafi í upphafi verið sá að skapa vettvang fyrir umræðu um viðskipta og framkvæmdamál, sem m.a. grundvallaði þá reglu að félagar væru fulltrúar mismunandi starfsgreina, áttu klúbbsfundir einnig að vera glaðværir fundir manna sem nytu félagsskapar hvors annars. Ekki leið heldur á löngu þar til þjónustuhugsjónin varð kjölfestan í hreyfingunni. Einungis tveimur árum eftir stofnun Chicagó klúbbsins réðst hann í sitt fyrsta samfélagsverkefni, sem var snyrtiaðstaða fyrir almenning við ráðhús borgarinnar. Uppfrá því hafa rötaryklúbbar um allan heim byggt á þessari sömu hugsjón.

Þessi hugmyndafræði er í raun meitluð í fjórprófið okkar:

Er það satt og rétt.

Er það drengilegt.

Eykur það velvild og vinarhug.

Er það öllum til góðs.

Rótaryhreyfingin er friðarhreyfing og baráttan fyrir friði á milli manna og á milli þjóða er mikilvægur þáttur í starfi hennar. Fátt er hættulegra friðinum er tortryggni og fáfræði manna um aðra menn eða aðrar þjóðir. Lykillinn að friði er um leið að útrýma þessari tortryggni og auka skilning þjóða á milli. Hreyfingin sjálf, með sinni alþjóðlegu skírskotun, stuðlar beinlínis að þessu, en á vegum hennar er einnig unnið með markvissum hætti að því að ná þessum árangri.

Í því verki spilar æskulýðsstarfsemi Rótary stórt hlutverk en um gríðarlega umfangsmikið kerfi er þar að ræða. Skiptinámið sjálft er umfangsmest en einnig eru reknar sumarþúðir og sumarskiptinámið er í boði. Víða erlendis er þessi starfsemi svo umfangsmikil hjá umdæmunum að reknar eru sérstakar skrifstofur með fjölda starfsmanna, einungis um æskulýðsstarfið.

Ég og mín fjölskylda höfum verið svo lánsöm að eignast ein 6 fósturbörn með þessum hætti. Þrjú þeirra eru í Brasilíu, eitt í Bandaríkjunum, eitt í Mexíkó og eitt í Austurríki. Þótt langt sé nú um liðið frá því að hún Karen, fyrsti skiptineminn okkar, kom til okkar erum við enn í góðu sambandi við hana og í raun við öll okkar fósturbörn. Eftir tilkomu Fésbókarinnar líður varla sá dagur að við heyrum ekki frá einhverju þeirra. Þá hafa tvö af okkar börnum einnig farið í skiptinámið og get ég fullyrt að það hafi haft mikil og góð áhrif á þroska þeirra og vöxt sem einstaklinga.

Þátttakan í æskulýðsstarfi Rótarý hefur gefið okkur fjölskyldunni mikið. Um leið hefur hún aukið mjög á mikilvægi Rótarýs fyrir mig sem klúbbfélaga. Ég vil hvetja ykkur öll til þess að taka þátt í þessu starfi ef þið eigið þess einhvern kost.

Það er mér mikið ánægjuefni að ákveðið hefur verið að klúbburinn taki á móti skiptinema á þessu starfsári sem er að hefjast. Hún heitir Jessica Ruth Fleming og kemur frá Pittsburg í Pennsylvaníu í Bandaríkjunum. Hún mun dvelja hjá Guðna og Kristjönu fyrst eftir komuna en vonandi mun okkur takast að finna henni fleiri heimili á meðan á dvöl hennar stendur, því það kerfi sem Rótarý hefur haft á, þar sem dvöl skiptinema er dreift á þrjú eða fjögur fósturheimili, hefur margsannað sig.

Jón, sonur þeirra Kristjönu og Guðna mun síðan fara á vegum okkar klúbbs til Frakklands. Hann fer til rótarýklúbbsins Troyes Comtes de Champagne sem er í borginni Troyes, um 150 km SA af París. Þar búa um 61 þús. manns. Rótarýklúbbar á svæðinu eru þrír og einn rótaractklúbbur.

Umdæmisstjóri næsta starfsárs er Björn Barðdal Jónsson úr Rótarýklúbbi Selfoss. Hann leggur áherslu á það að klúbbarnir móti sér áætlun í félagapróun. Annað árið í röð hefur félögum í okkar klúbbi fækkað, þrátt fyrir að fjórir nýir hafi bæst í hópinn á síðustu mánuðum. Þetta er þróun sem við verðum að snúa við og því verðum við að bregðast við áeggjan umdæmisstjórans og gera markvissa áætlun um það hvernig við fjölgum aftur félögum í klúbbnum. Lít ég svo á að þetta sé eitt af mikilvægustu verkefnum stjórnarinnar á komandi ári. Þetta er hins vegar ekki verkefni sem stjórnin leysir ein og sér. Við þurfum öll að leggjast á eitt. Líta vel í kringum okkur og ekki vera feimin við að taka þá spurningu upp við hvern þann sem okkur svo líst á, hvort hann hafi hug á að ganga í Rótarý.

Það er hins vegar ekki nóg að hafa fullt af hæfileikaríkum og skemmtilegum félögum ef þeir mæta ekki á fundi. Góð sókn félaga á fundi er grundvallar forsenda fyrir öflugum klúbbstarfi. Við þurfum því að vera meðvituð um það að ef við mætum ekki á fund, þá er okkar saknað af félögunum. Fundarsókn hefur batnað mjög mikið eftir að við breyttum tilhögun á innheimtu félags- og matargjalda. Meðalfundarsókn var komin niður fyrir 50% en er nú yfirleitt á bilinu 60-70%. Þegar ég gekk í þennan klúbb var mér tilkynnt það ganske pent að það væri ætlast til þess að ég mætti á alla fundi og að það yrði ekki litið hýru auga ef ég drægi niður mætingaprósenta. Síðan hef ég ekki þorað að skrópa nema ég hafi mjög góða afsökun. Það var metnaður þeirra manna sem þá réðu hér ríkjum að klúbburinn þeirra bæri af öðrum í fundarsókn. Ég held að við ættum að endurreisa þessi markmið.

Ekki þarf að eyða mörgum orðum í mikilvægi þess að við hlúum vel að Rótarýsjóðnum. Verkefnið sem hreyfingin tekst á við með framlögum úr þessum sjóði er gríðarlega stórt og mikilvægt. Vegna þess hve vel við höfum staðið okkur í áttakinu við að eyða Pólýó veikinni höfum við notið rausnarlegs stuðnings auðjöfursins Bill Gates og hans konu, en þau hafa stutt verkefnið með tugum milljóna dollara. Með stuðningi þeirra og öflugum Rótarýsjóði mun okkur takast að útrýma þessum illskeytta sjúkdómi.

Þrátt fyrir hrun og gengisfall höfum við verið að reyna að greiða í sjóðinn eftir mætti. Við miðaðum áður við 100 Dollara á hvern féлага en vegna gengisþróunarinnar var það lækkað í 50 Dollara. Munum við halda okkur við það enn um sinn. Engu að síður fögnum við einstökum framlögum frá félögum og svo megum við ekki gleyma grísnum okkar en afurðir hans hafa runnið í sjóðinn einnig.

Umdæmisþingið verður á Selfossi og fer það fram dagana 11. og 12. október. Sjálfur hef ég aldrei upplifað það að fara á umdæmisþing. Missi meira að segja af þinginu okkar síðasta, þegar Bjarni Þórðar var umdæmisstjóri. Ég hlakka því mikið til og hvet ykkur öll til að mæta. Það er stutt að fara og þetta er upplagður vettvangur til að kynna öðrum klúbbum og félögum. Þingið og samkomur því tengdar eru opnar öllum Rótaryfélögum. Þeim sem hafa áhuga á að mæta vil ég benda á að fara sem fyrst inn á heimasíðu Rótaryumdæmisins, rotary.is, og skrá sig.

Venjan er sú að ný stjórn tilkynni í upphafi starfsárs val hennar á heiðursfélaga komandi árs. Hefur stjórnin ákveðið að Níels Árnason verði heiðursfélagi Rótaryklúbbs Hafnarfjarðar starfsárið 2013-2014.

Handbókin er komin út. Ég hvet ykkur til að kynna ykkur efni hennar strax. Í hvaða nefndum þið sitjið, hvenær nefndirnar eiga fundarefni og hvenær þið eigið að flytja þriggja mínútna erindi. Það er góður siður að setja þetta allt inn í dagbókina í upphafi starfsárs.

Í bókinni sjáið þið einnig að stjórnin hefur ákveðið að fella niður þrjá fundi í röð, eins og heimilt er. Þetta eru fundirnir 18. og 25. júlí og 1. ágúst.

Kæru félagar. Ég og stjórnin munum kappkosta að vera verð þess trausts sem þið hafið sýnt okkur með því að fela okkur þetta verkefni. Það er ósk mín að við sameinumst um að hafa Rótaryhugsjónina að leiðarljósi í öllu sem við tökum okkur fyrir hendur. Berum merki okkar stolt í barmi og höfum í huga einkunnarorðin „Þjónusta ofar eigin hag.“

Takk fyrir
Jón Auðunn Jónsson
forseti Rótaryklúbbs Hafnarfjarðar 2013-2014